

Workshop 2017

Árlega heldur NorFor vinnufund um fóðurráðgjöf. Í upphafi voru þessir vinnufundir einungis hugsaðir fyrir ráðunauta aðildarfélaga NorFor sem eru RML, Seges í Danmörku, Vaxa í Svíþjóð og Tine í Noregi en undanfarin ár hefur verið opnað fyrir aðra áhugasama um fóðurráðgjöf til bænda. Í ár mættu rétt tæplega 50 manns en fjöldatakmörkun er á fundinn, enda er hann ekki hugsaður sem ráðstefna, heldur vinnufundur þar sem þátttakendur eru virkir í dagskrá og efnisliðum. Flestir þátttakendur koma af norðurlöndunum sem upphaflega bjuggu þennan fund til, en einnig komu þátttakendur frá Lettlandi, Þýskalandi, Hollandi, Slóveníu og Finnlandi.

Fundurinn var haldin í Hollandi rétt við háskólabæinn Wagenigen. Dagskráin var fjölbreytt að vanda með góðri blöndu af praktískri reynslu og nýjungum í NorFor kerfinu. Danir hafa ríka reynslu af því að skrá í skýrsluhaldskerfið sitt hvað þeir eru að gefa bæði af gróffóðri og kjarnfóðri (hrávöru). Þetta kalla þeir „eins dags fóðrun“. Þetta nýta þeir markvisst til þess að sjá hvernig fóðrunin gengur, eru þeir að gefa eins og þeir lögðu upp með osfv. Þetta er orðin mjög góður gagnagrunnur sem er hægt að nýta í ráðgjöfina og hefur NorFor lagt mikið uppúr því að nýta þessi gögn til þess að reikna ennþá betur hagkvæmstu leiðina fyrir hvern bónda í fóðuráætlanagerðinni. Við fengum að sjá hvernig þeir geta nýtt þessar upplýsingar til þess að hjálpa sér að velja hvaða leið er heppilegust fyrir þeirra hjörð. Stundum getur verið gáfulegt að gefa í, auka aðeins útgjöld í aðkeyptu fóðri og auka þannig framleiðsluna og virði hennar umfram útgjalda aukninguna, en stundum getur verið gáfulegra að draga aðeins úr og velja aðrar leiðir í fóðruninni sem hugsanlega þýða aðeins minni framleiðslu en mun meiri framlegð. Þetta fer auðvitað allt eftir aðgengi og verð á hrávörunni sem þeir nýta mjög markvisst í heilfóðurlöndurnar, en einnig eftir því hvernig fóðrun hefur gengið á þessu búi. En þannig er betur hægt að áætla viðbrögð hjarðarinnar við breytingum á fóðuráætlun.

Einnig voru dregnar saman rannsóknarniðurstöður nokkurra rannsókna sem fjalla um mikilvægi orku og prótein fóðrunar fyrst eftir burðinn. Við vitum að fyrstu vikurnar eftir burð er álagið á kýrnar mjög mikið, framleiðslan fer hratt af stað en átgetan fylgir ekki eins vel og því brjóta þær niður líkamsvef til þess að bæta upp bæði fyrir orku og prótein. Við gerum ráð fyrir þessu niðurbroti þegar við reiknum áætlanir í NorFor en núna höfum við einnig áhuga á því að velja því aðeins fyrir okkur hverskonar orku og prótein er best að nýta á þessum tíma. Í stuttumáli sýndi þessi samantekt okkur að ef einblínt er of mikið á orku sem kemst framhá vömbinni, þe. sterkju sem brotnar mjög hægt niður til þess að auka glúkósa í blóði, dregur svo verulega úr áti að kýrnar ná sér ekki upp eins og þær annars geta gert. Þetta hefur sem sagt mjög letjandi áhrif á þær. Orkan í vömbina er nauðsynleg, þær eru hannaðar til þess að virkja vömbina vel og fá hana í gang svo allt kerfið virki sem best. Hinsvegar sjáum við mikilvægi þess að koma amínósýrum niður í þarma í þessari samantekt og því er hátt AAT gildi á fóðri mjög mikilvægt á þessum tíma og hugsanlega mikilvægara en við höfum gert ráð fyrir hingað til. Þetta tryggjum við með því að gefa nóg prótein, en þá er ágætt að velja frekar prótein sem brotnar hægt niður og sleppur því frekar við niðurbrot í vömbinni, þetta er t.d. fiskimjöl eða vambarvarið soja eða repja.

Við fengum mjög fróðlegan fyrirlestur frá Hollenskum jarðræktarráðunaut sem kynnti aðeins fyrir okkur hollenskan kúabúskap og þá sérstaklega steinefnabókhalðið sem þeir þurfa svo mjög að huga að. Það er töluverður kostnaður sem fer í það að losa sig við hluta mykjunnar því þeir eiga ekki land til

að bera hana alla á. Þeir mega bera meira á land sem er í grasrækt en akra og því er frekar lítil hluti gróffóðursins mais. Þeir huga mjög mikið að því að rækta gróffóður sem hefur gæða prótein, svo það nýtist þeim sem best í framleiðsluna. Eins ráðleggja þeir bændum að forþurrka aðeins í stæðurnar svo fóðrið brotni aðeins hægar niður í meltingarfærum gripanna. En með því að koma þurrefninu uppí 40% sjá þeir töluverðan ávinning af hægara niðurbroti. En eftir því sem við verkum blautara losnar meira um próteinið í gróffóðrinu. Eins leggja þeir mikla áherslu á að hafa örugglega nóg brennistein í tilbúna áburðinum svo að það köfnunarefni sem borið er á nýtist sem mest í prótein, en þeir sem þekkja byggingu próteins vita að brennisteinn er mikilvægt bindiefni.

Við fengum áhugaverðan fyrirlestur um samanburð á rannsóknarstofum sem greina gróffóður fyrir bændur. Sérstaklega var skoðað hvernig rannsóknarstofurnar greina meltanleika. Helstu niðurstöður voru þær að Tilly&Terry er greinilega öruggasta viðmiðunar aðferðin, en aðrar aðferðir sýndu meiri skekkju á milli rannsóknarstofa. En á milli stofa var ekki marktækur munur á þeim sem notuðu T&T sem viðmunar aðferð. Hinsvegar var munurinn töluverður ef maður skoðar töluleg gildi, innan skekkjumarka voru t.d. meltanleiki 75 annarsvegar og 79 hinsvegar. Ef við setjum niðurstöður heysýna inn í NorFor með þessar tvær mismunandi niðurstöður, en höfum allt annað eins, sjáum við töluverðan mun á magni af kjarnfóðri sem forritið þarf að nota meira á það sem hefur lægri meltanleika. Þetta setur fram spurninguna „Er meltanleiki endilega besta leiðin til að meta gæði fóðursins?“ En hún er það sem við höfum í dag og því verðum við að vera á tánum þegar við erum að vinna fóðuráætlanir og bregðast við ef okkur sýnist kjarnfóðurgjöfin ekki vera alveg rétt stillt. En þetta sýnir okkur ennþá betur hversu mikilvæg eftirfylgnin er og samtal bónda og ráðunauts eftir að farið er að vinna eftir fóðuráætluninni.

Það var áhugavert að sjá hvernig NorFor er að færa sig út til fleiri landa og þarna hittum við sjálfstætt starfandi ráðunaut frá Lettlandi sem hefur valið að nota NorFor við sína vinnu. Eins var þarna ungur ráðunautur frá Slóveníu sem hefur prófað nokkur kerfi og fór yfir jákvæða reynslu sýna af NorFor síðasta árið.

Eurofins rannsóknarstofa, sem er núna nafnið á Blgg, í Hollandi bauð okkur í heimsókn sem var áhugavert. Eins heimsóttum við Hollenskan bónda sem er í félagsbúi með pabba sínum, en þeir búa með tvo róbóta og nokkrar hænur á vappi. En svona fjölskyldubú eru mjög algeng í Hollandi og ekki mikið um mjög stór bú.

Berglind Ósk Óðinsdóttir
Fóðurráðgjafi hjá RML
boo@rml.is